



Uppgjör 4F og 12M 2025



6. febrúar 2026

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 4F**
- Uppgjör 4F og 12M 2025
- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 4F 2025

Vörusala

45,0 ma.kr.

+7,2% milli ára

50 ma.kr.




Framlegðarstig

25,4%

+0,9 p.p. milli ára

30%




Laun/Framlegð af vörusölu

48,7%

-2,0 p.p. milli ára

60%




EBITDA

4,3 ma.kr.

+43,9% milli ára

4,5 ma.kr.




EBITDA/Framlegð af vörusölu

37,3%

+8,5 p.p. milli ára

50%




Handbært fé frá rekstri

6,7 ma.kr.

+43,5% milli ára


2,5 ma.kr.




Helstu atriði uppgjörs

- Rekstur félagsins gekk vel á fjórða ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 7,2% og framlegð af vörusölu um 11,2%.
- EBITDA fjórðungsins hækkar um 43,9% milli ára (eða 14,8% án áhrifa einskiptisliðar á 4. ársfjórðungi 2024)
- Sjóðsstreymið mjög sterkt. Handbært fé frá rekstri 1,5 ma.kr.
- Niðurstaða 4F 2025 staðfestir góðan árangur í rekstri og áframhaldandi sókn félaga Festi, hvert á sínum markaði.


Fjöldi viðskiptavina og sala á fjórða ársfjórðungi eykst milli ára



Aukning í innlendri og en samdráttur í erlendri kortaveltu



Innlend kortavelta



Erlend kortavelta

2024 2025

Festi vinnur stöðugt að því að lækka kostnað og halda aftur af verðhækkunum



Aukin stærðarhagkvæmni

- Nýtum stærð samstæðunnar í auknum mæli til að ná betri samningum og skila hagræðingarábata til neytenda.



Beinar aðgerðir - dæmi

- Krónan lækkar verð á Grön Balance vörulínunni í janúar um 10%.
- N1 býður öllum viðskiptavinum lægsta verðið á valinni stöð (*Stöðin mín*).
- ELKO býður 30 daga verðöryggi, Tækifærisvörur, „fáðu eitthvað fyrir ekkert“ auk upplýsinga um verðsögu.



Rýrnun verslana - forvarnir

- Aukin rýrnun sl. ár hefur haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.
- Mikill árangur raungerist á árinu af forvarnaraðgerðum og rauntímaeftirliti sem bætti mjög afkomu og framlegðarstig verslana.



Aðhald í launahækkunum

- Stöðugildum fjölgar hlutfallslega minna en velta tengd auknum umsvifum.
- Þrátt fyrir harðri samkeppni um fólk náðist að halda launahækkunum starfsfólks samstæðunnar innan marka launavísitölunnar.



Frekari samlegðaráhrif

- Samstæðan hefur bætt nýtingu á fermetra í eigin húsnæði bæði hvað varðar verslanir og skrifstofuhúsnæði starfsfólks.
- Samlegðaráhrif af Lyfju samrunanum fóru að skila sér á árinu.



Lækkun fjármagnskostnaðar

- Félagið greiddi aukalega inn á lán félagsins fyrir um 3,7 ma. kr.
- Þá fékk félagið samþykktu útgáfulýsingu fyrir allt að 8 ma. kr. í lok 4 ársfjórðungs.
- Á þeim grunni gaf félagið út 6M víxla fyrir 1,3 ma. kr. en andvirðið var greitt inná óhagstæðari lán.



ELKO: Hápunktur á 4F 2025



Jólaverslun var framúrskarandi

- **Hlutfall vefverslunar** af jólasölu jókst og var **34,1%** á 4F á móti 30,4% í fyrra.
- Allir tilboðsdagar í nóvember **slógu sölumet** og var **13%** meiri sala í nóvember en í fyrra.



ELKO opnar í Smáralind

- ELKO opnar **nýja verslun í Smáralind** á fjölförnum stað við mathöllina Garðinn, þegar nær dregur sumri.
- Á árinu 2025 hefur ávinningur af allsherjar uppfærslu verslunar ELKO í Lindum komið skýrt í ljós – **verslunin var sú söluhæsta af 400 verslunum Elkjöp á árinu.**



Fjármögnun og gervigreind

- **ELKO snjallgreiðslur fóru í loftið** á elko.is í nóvember og **fyrstu tvo mánuðina** voru **rúmlega 1.500 lán afgreidd.**
- **Stafrænn ráðgjafi** sem nýtir gervigreind nú í boði á elko.is hefur nú þegar sinnt 1.000 fyrirspurnum.



Gullmerki Ánægjuvogarinnar

- ELKO hlaut gullmerki **Ánægjuvogarinnar** - í fyrsta sinn sem félagið fær Ánægjuvogina með marktækum mun.

Krónan: Hápunktar á 4F 2025



Sterkur undirliggjandi vöxtur

- Afgreiðslum fjölgaði í verslunum um 7,5%.
- Selt magn jókst um 9,2% heilt yfir og meðalkarfa stækkar.



Stafrænn vöxtur sem styrkir arðsemi

- Velta Snjallverslunar jókst um 50% á 4F milli ára.
- Afgreiðslum fjölgaði um 36% - skýr merki um aukna notkun og tryggð viðskiptavina.



10% verðlækkun á Grön Balance vörum

- Grön Balance lífrænar vörur spanna breitt bil - allt frá matvöru og snyrtivörum yfir í aðrar heimilisvörur.
- Verðlækkun endurspeglar aukna skilvirkni í rekstri og sterkari samningsstöðu samhliða vexti Krónunnar - ávinningur sem er markvisst skilað út til neytenda.



Krónan og Sælkerabúðin sameina krafta sína

- Styrkir aðgreiningu og verðmætasköpun með premium-vöruúrvali, einnig fánlegt í Snjallverslun og með landsdekkandi dreifingu.
- Styður vöxt og arðsemi með hærri meðalkörfu og jákvæðri upplifun viðskiptavina.

Lyfja: Hápunktar á 4F 2025




Lyfju appið í áframhaldandi sókn

- 4F var **stærsti fjórðungur** í **Lyfju appinu frá upphafi**.
- Öll met voru **slegin á tilboðsdögum** í nóvember, stærstu húðvörudagar frá upphafi.



Lyfja opnar á Völlunum

- Á **vormánuðum** mun Lyfja opna **nýtt apótek** í húsnæði Yrkis við hlið Krónunnar á Völlunum í Hafnarfirði.
- Lyfja verður áfram með 45 starfsstöðvar þar sem **verslun Heilsuhússins í Kringlunni lokaði** 1. febrúar sl. en vinsælustu vörurnar verða áfram í verslunum Lyfju og á heilsuhusid.is.



Góð upplifun viðskiptavina

- Meðmælaskor Lyfju 2025 yfir markaðnum annað árið í röð (+5,4 punktar) samkvæmt Gallup.
- Umbreytingu og endurhönnun verslana á Egilsstöðum og Neskaupstað lokið.



Sterkt vörumerki og aukið vöruframboð

- Lyfja tilnefnd sem **vörumerki ársins hjá Brandr**.
- Vöruframboð Lyfju mun aukast frá 1. mars þar sem Lyfja hefur fest **kaup á vörumerki Jurtaapóteksins**.

N1: Hápunktar á 4F 2025



N1 kortið og Stöðin mín

- Stöðin mín* heldur áfram að laða að nýja viðskiptavinum en nýjum **N1 korthöfum fjölgaði um 19% m.v. 4F 2024.**
- **Eldsneytisviðskiptavinum fjölgaði um 11% og hraðhleðslukaupendum um 53% á sama tímabili.**



N1 appið vex og dafnar

- Aukin áhersla á bætta þjónustu í appi skilaði **38% aukningu notenda** milli ára.
- **Næstum tvöfalt fleiri bókanir í dekkjaskipti í appi** samanborið við síðustu vertíð.
- Nýjasta þjónustan – skráning á kílómetrastöðu – sló í gegn um áramótin.



Nýtt dekkjahótel og þjónustumiðstöð

- **Mikill vöxtur** hefur verið í **notkun dekkjahótela N1** að undanfögnu.
- **Nýtt framtíðarhúsnæði opnar í haust** – miðlægt dekkjahótel við **Borgahellu** í Hafnarfirði.
 - Þjónustustöð fyrir atvinnubíla og stærri tæki.
 - Bílapvottur, smur- og dekkjapjónusta.



Eignarhlutir í Local og Alor

- Samkomulag hefur náðst um að **N1 komi inn í rekstur Local og eignist 70% hlut í félaginu.** Samruninn er tilkynningarskyldur til SKE.
- N1 komið í **hluthafahop Alor** sem sérhæfir sig í framleiðslu og geymslu sólarorku. N1 vinnur að því að **selja umfram orku notenda inn á raforkumarkaði.**



*Stöðin mín býður viðskiptavinum að velja hvar á landinu þeir fá okkar lægsta verð á dælu og í hleðslu.






- Starfsemin á 4F
- **Uppgjör 4F og 12M 2025**
- Staða og horfur


Rekstur 4. ársfjórðungs 2025

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	44.956	41.946	3.010	7,2%
Framlegð af vörusölu	11.415	10.267	1.148	11,2%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	650	622	29	4,6%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.561)	(5.202)	(359)	6,9%
Annar rekstrarkostnaður	(2.249)	(2.731)	481	-17,6%
EBITDA	4.255	2.957	1.298	43,9%
Hagnaður tímabilsins	1.870	632	1.239	196,1%
Önnur heildarafkoma samtals	57	2.392	(2.335)	-97,6%
Heildarafkoma tímabilsins	1.927	3.023	(1.096)	-36,3%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	37,3%	28,8%	+8,5 p.p.	29,4%
Laun/framlegð af vörusölu	48,7%	50,7%	-1,9 p.p.	-3,8%
Hagnaður á hlut	8,52	7,30	1,22	16,8%

EBITDA/framlegð (12m undirliggjandi)*



Arðsemi eigin fjár (12m undirliggjandi)*




*Leiðrétt fyrir 750 millj. kr. stjórnvaldssekt í 4F 2024

- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 3,0 ma.kr. eða 7,2% á milli ára en 7,7% án áhrifa gengis og HMF eldsneytis
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 11,4 ma.kr. Aukningin nam 1,1 ma.kr. eða 11,2% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 25,4%, hækkar um 0,9 p.p. milli ára en 0,8 p.p. án áhrifa gengis og HMF eldsneytis.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,6 ma.kr., hækkan um 0,4 ma.kr. eða 6,9% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.682 á fjórðungnum, aukning um 62 eða 3,8% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður lækkar** um 0,5 ma.kr. eða 17,6% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 4,3 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2025, 43,9% milli ára eða 14,8% án áhrifa stjórnvaldssektar á 4. ársfjórðungi 2024.
- ♦ **Heildarafkoma** nam 1,9 ma.kr. sem er lækkun um 1,1 ma. kr. milli ára.


Rekstur 12M 2025

Milljónir króna	12M 2025	12M 2024	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	173.414	154.463	18.951	12,3%
Framlegð af vörusölu	43.692	36.722	6.970	19,0%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	2.313	2.245	69	3,1%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(21.676)	(18.385)	(3.290)	17,9%
Annar rekstrarkostnaður	(8.328)	(8.071)	(257)	3,2%
EBITDA	16.001	12.511	3.491	27,9%
Hagnaður tímabilsins	6.220	4.018	2.201	54,8%
Önnur heildarafkoma samtals	75	2.404	(2.329)	-96,9%
Heildarafkoma ársins	6.295	6.422	(127)	-2,0%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	36,6%	34,1%	+2,5 p.p.	7,5%
Laun/framlegð af vörusölu	49,6%	50,1%	-0,5 p.p.	-0,9%
Hagnaður á hlut	20,00	13,13	6,87	52,3%


EBITDA



Vörusala




Framlegð af vörusölu




- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 19,0 ma.kr. eða 12,3% á milli ára en 14,3% án áhrifa gengis og HMMV eldsneytis.
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 43,7 ma.kr. Aukningin nam 7,0 ma.kr. eða 19,0% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 25,2%, hækkar um 1,4 p.p. milli ára en 0,9 p.p. án áhrifa gengis og HMMV eldsneytis.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 21,7 ma.kr., hækkan um 3,3 ma.kr. eða 17,9% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.686 á árinu, aukning um 153 eða 10,0% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 0,3 ma.kr. eða 3,2% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 16,0 ma.kr. á árinu 2025, hækkan um 3,5 ma.kr. eða 27,9% milli ára en 20,7% án áhrifa stjórnvaldssektar.
- ♦ **Hagnaður** nam 6,2 ma.kr. sem er hækkan um 2,2 ma. kr. milli ára.

Framlegð af vörusölu á 4F

Framlegð af vörusölu



- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum nema eldsneyti og rafmagni frá fyrra ári.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 11,4 ma.kr. og eykst um 11,2% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 4F 2025 var 25,4%**, hækkar um 0,9 p.p. frá síðasta ári en hækkunin væri 0,8 p.p. ef gengi og heimsmarkaðsverð olíu væri sama.
- ♦ **Framlegðarstig hækkar** í öllum vöruflokkum nema lyfsseðilsskyldum- og lausasölulufjum.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 15,7% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagni** eykst um 2,2%, **raftækjum** eykst um 17,3% milli ára, **lyfsseðilsskyldum- og lausasölulufjum** eykst um 2,3% og **öðrum vörum** eykst um 11,2% milli ára.




Laun og starfsmannakostnaður á 4F 2025


Laun og starfsmannakostnaður 4F 2024	5.202
Stöðugildi - breyting	154
Samningsbundnar launahækkunarir	273
Breyting í starfsmannakostnaði	-8
Kaupréttir	-11
Aðrar breytingar	-49
Laun og starfsmannakostnaður 4F 2025	5.561

- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,6 ma.kr. og hækkar um 0,4 ma.kr. eða 6,9% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 61 milli ára eða 3,8%.** Mikill fókus á aukna sjálfvirkni með tæknilausnum og skilvirkni í störfum.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 3,0%** milli ára. Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana 273 millj. kr. (5,2% hækkun 1. jan 25).
- ♦ **Í heildina þá nemur hækkunin milli ára 3,9%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.

Laun og
starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 4F 2025



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvogin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur námu 6,4 ma.kr., aukning um 335 m.kr. eða 5,6% á milli ára.
- Framlegðarstig er óbreytt frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 2,7 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 741 m.kr. sem er aukning um 159 m.kr. eða 27,3% á milli ára.
- Hagnaður nam 391 m.kr. sem er hækkun um 89 m.kr. eða 29,6% milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	6.370	6.035	335	5,6%
Heildargjöld	(5.629)	(5.453)	(177)	3,2%
EBITDA	741	582	159	27,3%
EBITDA-hlutfall	11,6%	9,6%	+2,0 p.p.	20,6%
EBIT	560	414	146	35,2%
EBIT-hlutfall	8,8%	6,9%	+1,9 p.p.	28,1%
Hagnaður	391	302	89	29,6%



Krónan - Helstu niðurstöður á 4F 2025

KRÓNAN



27

Matvöruverslanir



Sjálfbærniásinn í
annað sinn



9 ár

Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur 21,3 ma.kr., hækkun um 2,7 ma.kr. eða 14,4% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana, ný stærri verslun í Reykjanesbæ og fleiri staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,7 p.p. milli ára.
- EBITDA 1,8 ma.kr., sem er hækkun um 367 m.kr eða 25,6% á milli ára.
- Hagnaður nam 886 m.kr. sem er hækkun um 293 m.kr. eða 49,5% á milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	21.264	18.580	2.684	14,4%
Heildargjöld	(19.466)	(17.149)	(2.317)	13,5%
EBITDA	1.798	1.431	367	25,6%
EBITDA-hlutfall	8,5%	7,7%	+0,8 p.p.	9,8%
EBIT	1.163	767	396	51,6%
EBIT-hlutfall	5,5%	4,1%	+1,3 p.p.	32,5%
Hagnaður	886	593	293	49,5%



Lyfja - Helstu niðurstöður á 4F 2025



Apótek og útibú



Jafnvægisvogin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur 5,2 ma.kr., aukning um 0,8 ma.kr. eða 18,1% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 1,6 p.p. milli ára og lækkar um 0,5 p.p. frá síðasta fjórðungi.
- EBITDA 434 millj. kr. sem er aukning um 65 m.kr. eða 17,6% á milli ára.
- Hagnaður nam 74 millj. kr. sem er viðsnúningur um 111 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	5.224	4.423	801	18,1%
Heildargjöld	(4.790)	(4.054)	(736)	18,2%
EBITDA	434	369	65	17,6%
EBITDA-hlutfall	8,3%	8,3%	-0,0 p.p.	-0,4%
EBIT	129	20	109	533,3%
EBIT-hlutfall	2,5%	0,5%	+2,0 p.p.	436,2%
Hagnaður	74	(36)	111	305,1%



N1 - Helstu niðurstöður á 4F 2025



Afgreiðslustaðir
eldsneytis



Hjólbarða og
smurverkstæði



Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 13,3 ma.kr., minnkun um 0,3 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns lækkar um 0,3 ma.kr. eða 1,2%. Magn í lítrum lækkaði um 0,7% milli ára.
- Framlegðarstig N1 hækkar um 1,5 p.p. milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum HMMV eldsneytis og gengi gjaldmiðla er hækkunin 1,4 p.p milli ára.
- EBITDA nam 1,4 ma.kr. sem er hækkun um 25 m.kr. eða 1,8% á milli ára.
- Hagnaður á fjórðungnum var 0,4 ma.kr., og lækkar um 35 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	13.265	13.560	(295)	-2,2%
Heildargjöld	(11.851)	(12.172)	321	-2,6%
EBITDA	1.414	1.388	25	1,8%
EBITDA-hlutfall	10,7%	10,2%	+0,4 p.p.	4,1%
EBIT	621	648	(27)	-4,1%
EBIT-hlutfall	4,7%	4,8%	-0,1 p.p.	-2,0%
Hagnaður	407	442	(35)	-8,0%



Yrkir - Helstu niðurstöður á 4F 2025

 **84**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **99%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis

- Tekjur 1,2 ma.kr., aukning um 91 m.kr. eða 8,3% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) nam 998 m.kr. en var 949 m.kr. á 4F 2024, aukning um 5,1%.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu hækkar um 1 p.p. eða upp í 99% í kjölfarið á kaupum á Dalakofanum og Hvaleyrarbraut 3.
- EBITDA nam 928 m.kr. sem er aukning um 5,4% milli ára.
- Gangvirðishækkun nam 55 millj. kr. sem er hækkun um 17 millj. kr. milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins nam 71 millj. kr. sem er aukning um 51 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	1.183	1.093	91	8,3%
Heildargjöld	(255)	(212)	(43)	20,5%
EBITDA	928	881	48	5,4%
EBITDA-hlutfall	78,4%	80,6%	-2,2 p.p.	-2,7%
EBIT	432	413	19	4,7%
EBIT-hlutfall	36,5%	37,8%	-1,3 p.p.	-3,3%
Hagnaður	71	19	51	268,0%


Efnahagsreikningur 31.12.2025

Milljónir króna	31.12.2025	31.12.2024	Breyt.	%
Rekstrarfjármunir	43.655	41.217	2.437	5,9%
Óefnislegar eignir	26.026	26.564	(538)	-2,0%
Aðrir fastafjármunir	19.415	20.512	(1.096)	-5,3%
Fastafjármunir alls	89.096	88.293	803	0,9%
Birgðir	14.179	14.118	61	0,4%
Viðskipta- og skammtímakröfur	6.557	8.349	(1.791)	-21,5%
Handbært fé	5.929	4.075	1.854	45,5%
Veltufjármunir alls	26.665	26.542	123	0,5%
Eignir samtals	115.761	114.835	926	0,8%
Eigið fé	47.684	43.493	4.191	9,6%
Skuldir við lánastofnanir	24.016	29.340	(5.324)	-18,1%
Leiguskuldir	10.029	10.001	28	0,3%
Tekjuskattskuldbinding	7.620	7.764	(143)	-1,8%
Langtímaskuldir alls	41.666	47.105	(5.439)	-11,5%
Skuldir við lánastofnanir	3.393	3.227	165	5,1%
Leiguskuldir	1.438	1.388	50	3,6%
Viðskipta- og skammtímaskuldir	21.581	19.621	1.960	10,0%
Skammtímaskuldir alls	26.411	24.236	2.175	9,0%
Skuldir og eigið fé alls	115.761	114.835	926	0,8%


Efnahagur stækkar um 0,9 ma. kr. á árinu.

- ♦ Fjárfest fyrir 6,1 ma. kr. á árinu.
- ♦ Lækkun viðskiptakrafna 1,8 ma. kr.
- ♦ Lækkun vaxtaberandi lána 5,2 ma. kr.
- ♦ Aukning annarra skammtímaskulda 2,0 ma. kr.

Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA (12m undirliggjandi)



Eiginfjárlutfall



*Leiðrétt fyrir 750 millj. kr. stjórnvaldssekt í 4F 2024


Sjóðstreymi samstæðunnar á 4F 2025

Milljónir króna	4F 2025	4F 2024	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	6.811	6.064	747	12,3%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	4.255	2.957	1.298	43,9%
Breytingar á rekstrartengdum liðum	(1.702)	(1.226)	(476)	38,8%
Vextir og skattar	(1.046)	(921)	(124)	13,5%
Handbært fé frá rekstri	1.508	809	698	86,3%
Fjárfestingar	(1.806)	(1.701)	(105)	6,2%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.077	115	962	836,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(729)	(1.586)	857	-54,0%
Viðskipti við hluthafa	(365)	0	(365)	0,0%
Ný vaxtaberandi lán	40	0	40	0,0%
Afborganir af vaxtaberandi lánum	(1.332)	(1.187)	(145)	12,2%
Fjármögnunarhreyfingar	(1.656)	(1.187)	(469)	39,5%
Gengismunur af handbæru fé	(4)	(25)	21	-82,3%
Handbært fé í lok tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%

Sjóðstreymið gríðarlega sterkt

- ♦ Handbært fé frá rekstri 1,5 ma. kr.
- ♦ Fjárfestingar 1,8 ma. kr.
- ♦ Endurkaup 0,4 ma. kr.
- ♦ Greiddar afborganir vaxtaberandi lána nam 1,3 ma. kr.
- ♦ Handbært fé í lok árs nam 5,9 ma. kr.


Viðskipti við hluthafa/hagnaður (12m)



Sjóðstreymi samstæðunnar á 12M 2025


Milljónir króna	12M 2025	12M 2024	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	4.075	3.362	713	21,2%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	16.001	12.511	3.491	27,9%
Breytingar á rekstrartengdum liðum	3.515	(111)	3.626	3265,8%
Vextir og skattar	(3.733)	(3.346)	(386)	11,5%
Handbært fé frá rekstri	15.784	9.053	6.730	74,3%
Fjárfestingar	(6.071)	(4.642)	(1.429)	30,8%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.646	(3.466)	5.112	147,5%
Fjárfestingarhreyfingar	(4.425)	(8.108)	3.683	-45,4%
Viðskipti við hluthafa	(2.414)	(904)	(1.510)	167,1%
Ný vaxtaberandi lán	40	3.986	(3.946)	-99,0%
Viðskipti við lánastofnanir	(7.153)	(3.242)	(3.911)	120,7%
Fjármögnunarhreyfingar	(9.527)	(160)	(9.367)	5869,1%
Gengismunur af handbæru fé	22	(72)	94	129,9%
Handbært fé í lok tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%

Handbært fé frá rekstri/afborganir (12m)



*Leiðrétt fyrir aukagreiðslum inn á lán 3.429 millj. kr.

Viðskipti við hluthafa/hagnaður (12m)






- Starfsemin á 4F
- Uppgjör 4F og 12M 2025
- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	15,2
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,3
Gildi - lífeyrissjóður	9,7
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,6
Stapi lífeyrissjóður	5,4
Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	4,7
Birta lífeyrissjóður	3,9
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,9
Festa - lífeyrissjóður	2,1

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Markaðsupplýsingar	31.12.2025	31.12.2024	Breyting
Útistandandi hlutir	309 m.	311 m.	-0,7%
Verð í lok tímabils	324 kr.	284 kr.	14,1%
Markaðsvirði	100.161 m.kr.	88.396 m.kr.	13,3%
Velta 12m	55.325 m.kr.	36.098 m.kr.	53,3%
Fjöldi hluthafa	1.729	1.218	42,0%
Hagnaður á hlut (12M)	20,0	13,1	52,4%

Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2026

Staða og horfur

- ♦ **Horfur fyrir árið 2026 eru ágæt**ar þrátt fyrir að óvissa ríki enn um þróun efnahagsmála með hækkandi verðbólguhorfum á fyrri árshelmingi ársins.
- ♦ Áfram verður **mikil áhersla lögð á aukna hagræðingu** og skilvirkni í virðiskeðju samstæðunnar, sem mun skila sér til viðskiptavina okkar eins og kostur er.
- ♦ Mörg verkefni í pípunum: **Krónan** mun opna **nýja verslun á Höfn** í Hornafirði, **N1** hefur tryggt sér **lóð við Selfoss** fyrir nýja þjónustumiðstöð og vinnur nú að **uppbyggingu þjónustumiðstöðvar og dekkjaverkstæðis á Akranesi** og Borgarhelli í Hafnarfirði, þar sem **stærsta dekkjahótel landsins rís. ELKO** opnar í Smáralind og **Lyfja nýtt apótek á Völlunum**.
- ♦ Þá er unnið að mörgum **sambættingar- og þróunarverkefnum** sem gaman verður að kynna fyrir viðskiptavinum félagsins á árinu 2026.
- ♦ **Félagið stendur fjárhagslega sterkt. Við erum í sóknarhug fyrir réttu tækifærin – hvar sem þau finnast, innan sem utan samstæðu.**

Forsendur afkomuspár

- ♦ **Óvissa heilt yfir** um efnahagshorfur, bæði hérlandis og alþjóðlega áfram töluverðar.
- ♦ **Verðbólga áætluð meiri á fyrri hluta árs** en að meðaltali 4,0% út árið.
- ♦ Gert ráð fyrir að **stýrivextir lækki ekki** fyrr en undir lok ársins.
- ♦ Gert ráð fyrir **lítilsháttar aukningu ferðamanna** milli ára.
- ♦ Gert ráð fyrir að **raungengi krónu verði áfram hátt** með veikingu þegar líða tekur á árið.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi

- ♦ **EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026** nemur **16.500 – 17.000 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026** nemur **7.500 – 8.000 millj. kr.**



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttá sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

